

21. nóvember 1983 að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skal sæta sviptingu ökuréttinda ævilangt frá 1. desember 1982 að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. desember 1984.

Nr. 137/1982. **Ögurvík h/f**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

**Ólafi Bjarnfreðssyni**

(Hjörtur Torfason hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Einar Ingimundarson, sýslumaður og bæjarfógeti.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að stafesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 11.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ögurvík h/f, greiði stefnda, Ólafi Bjarnfreðssyni,

11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. mars 1982.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað með stefnu, útgefni 4. febrúar 1980.

Stefnandi er Ólafur Bjarnfredsson sjómaður, Kleppsvegi 56, hér í borg. Stefndi Ögurvík h/f, Týsgötu 1 hér í borg.

Endanlegar dómkröfur stefndanda:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.550.54 með 16% ársvöxtum af kr. 706.64 frá 5. apríl 1975 til 5. nóvember 1976, en af kr. 4.550.54 frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Krafa stefnanda er byggð á því, að á starfstíma sínum hjá stefnda hafi hann tvisvar þurft að leggjast á sjúkrahús vegna gamalla meiðsla. Hafi hann af þeim sökum verið frá vinnu 23. mars til 15. apríl 1975 og 5. október til 29. nóvember 1976. Læknismeðferð sú og endurhæfing, sem hann hafi hlotið, á meðan hann dvaldist á sjúkrahúsi greind tímabil, hafi átt rætur að rekja til slyss, sem hann hafi orðið fyrir haustið 1972, eftir að hann réðst til stefnda, en áður en hann hóf starf sitt. Hafi fyrirsvarsmönnum stefnda verið fullkunnugt um slysið. Að lokinni sjúkrahúsvist eftir slysið hafi hann verið talinn vinnufær af læknum. Hafi stefnandi svo starfað óslitið hjá stefnda og starfi enn við höfðun málsins.

Er því haldið fram, að samkvæmt ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 eigi stefnandi rétt á launum úr hendi stefnda, á meðan hann var frá vinnu í þessum veikindaforföllum. Hafi stefnandi í báðum tilvikum verið haldinn sjúkdómi í skilningi greinds lagaákvæðis.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að dvöl stefnanda á sjúkrahúsi greind tímabil hafi verið til endurhæfingar vegna slyss, sem hann varð fyrir, áður en hann réðst til stefnda og starfaði hjá öðrum vinnuveitanda. Verði að miða upphaf ráðningartíma stefnanda við lögskráningu hans á bv. Ögra. Við umrætt slys hafi stefnandi hlotið varanlega örorku og sé fráleitt að stefnda beri að greiða vinnutjón stefnanda við að leita úrbóta á henni. Hafi skipstjóranum, sem réð stefnanda, verið ókunnugt um, að hann þyrfti síðar að fara á sjúkrahús til frekari aðgerða. Af framangreiðnum ástæðum sé

ekki fullnægt skilyrðum 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga, að stefnandi hafi orðið óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hafi orðið fyrir á ráðningartímanum.

Stefnandi hlaut varanlega örorku af völdum slyss þess, sem hann varð fyrir 11. september 1972. Hann höfðaði skaðabótamál til heimtu bóta úr hendi vinnuveitanda þess, sem hann starfaði hjá þá. Var vinnuveitandinn sýknaður af kröfum stefnanda með dómi, uppkveðnum 13. apríl 1981.

#### *Niðurstaða.*

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að ekki sé byggt á því, að stefnandi hafi leynt því, er hann réðst til starfa hjá stefnda, að hann hafði orðið fyrir umræddu slysi.

Brynjólfur Gunnar Halldórsson skipstjóri hefur skýrt svo frá því, að hann hafi verið búinn að gefa stefnanda vilyrði fyrir skipsrúmi á skipi sínu, er það kæmi til landsins. Nokkur töf hafi orðið á því, að skipið kæmi, og hafi stefnandi ráðið sig til vinnu við kartöfluupptöku, á meðan hann beið. Hann hafi vitað, að stefnandi hafi orðið fyrir slysi við þá vinnu. Hafi af þeirri ástæðu orðið nokkur töf á, að stefnandi gæti komið til skips. Stefnandi hafi svo sagst vera orðinn vinnufær að dómi lækna og hafi hann þá ráðið stefnanda. Hafi hann ekki vitað, að stefnandi þyrfti síðar að fara til frekari lækniáðgerða. Stefnandi hafi svo farið í sjúkrahús á árunum 1975 og 1976 og hafi átt að laga handlegginn, sem skaddast hafði við slysið.

Það er ekki annað fram komið en að stefnandi hafi verið talinn vinnufær af læknum þeim, sem önnuðust hann, er hann réðst til starfa hjá stefnda. Er ekki fram komið, að þá hafi verið ráðgerðar aðgerðir síðar til úrbóta á meiðslum hans af völdum slyssins, sem hann varð fyrir 11. september 1972.

Samkvæmt framburði Brynjólfs skipstjóra hefur stefnandi gengt störfum sínum um borð í skipi hans fullkomlega.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að er hann leitaði til lækna á árunum 1975 og 1976, hafi meiðslin verið farin að há sér við vinnu.

Samkvæmt því, sem fram er komið, vistaðist stefnandi í sjúkrahús greind tímabil á árunum 1975 og 1976 til að láta kanna, hvort hægt væri að bæta úr sjúklegu ástandi, sem var afleiðing slyss þess, sem hann varð fyrir, áður en hann kom til skips og var lögskráður á skip stefnda.

Ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga taka til þess, er sjómaður verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartímanum stendur.

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. greindra laga á skipverji ekki rétt á kaupri fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Frá þessu ákvæði

þykir mega gagnálykta, að skipverji eigi rétt á kaupum þann tíma, sem ákveðinn er í 3. mgr., þótt hann sé óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur hlotið, áður en hann réðst til skipsrúms, ef hann skýrir frá þessu líkamsástandi sínu.

Stefnandi skýrði Brynjólfi skipstjóra frá slysinu. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem áður hefur verið rakið, á stefnandi rétt til kaups framangreind tímabil.

Fjárhæð endanlegrar dómkröfu stefnanda hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hún því tekin til greina. Verður stefnda gert að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, sem ekki hafa sætt sérstökum andmælum, og ákveðast þeir 16% ársvextir af kr. 706.64 frá 5. apríl 1975 til 5. nóvember 1976, en af kr. 4.550.54 frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til þingfestingardags, 22. febrúar 1980, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 35% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningar dóms í málinu og síðan dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.500.00 í málskostnað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hauki Kristjánssyni yfirlækni.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ögurvík h/f, greiði stefnanda, Ólafi Bjarnfreðssyni, kr. 4.550.54 með 16% ársvöxtum af kr. 706.64 frá 5. apríl 1975 til 5. nóvember 1976, af kr. 4.550.54 frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1980, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars 1982 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.